



Hlutverk skólans

Lögð er áhersla á jákvæð samskipti og sameiginleg markmið og gildi. Leitað er allra leiða til að hver nemandi nái sínum besta árangri og taki stöðugum framförum í námi. Innra starf skólans er metið reglulega og taka starfsfólk, nemendur og foreldrar þátt í því. Gerð er umbótaáætlun til að laga það sem betur má fara. Nemendum er gerð grein fyrir mikilvægi þátttöku þeirra í mótun jákvæðs skólabrags. Hver einstaklingur ber ábyrgð í samræmi við aldur og þroska. Ætlast er til góðrar umgengni af nemendum og þeir sýni kurteisi og góða framkomu. Mikil áhersla er lögð á að traust ríki milli allra í skólanum, einnig á milli skóla og heimila. Hefðir og siðir í skólastarfinu, þar sem reglubundið skólastarf er brotið upp, eiga stóran þátt í að viðhalda og móta góðan skólabrag. Skólastjóri og starfsfólk skólans leggja sig fram um að skapa jákvæðan skólabrag í skólanum með það að markmiði að skilyrði til uppeldis og menntunar nemenda og almennrar velferðar þeirra séu sem best.

Markmið

- Að nemendur rækti með sér samkennd og virðingu fyrir skoðunum og lífgildum annarra.
- Að nemendur öðlist færni í tjáskipum.
- Að nemendur sýni frumkvæði í að rækta eðlislega sköpunargáfu
- Að nemendur öðlist samfélagslega yfirsýn
- Að nemendur læri að móta eigin ímynd og styrkist í að bera ábyrgð á eigin lífi
- Að nemendur þroski með sér alþjóðavitund og skilning á umhverfisvernd
- Að nemendur þroski með sér virðingu fyrir náttúrunni

Framkvæmd

- Eineltisáætlun Olweusar
- Jákvæður agi
- Samráðsfundir
- Námsfni
- Foreldrasamstarf
- Gagnvirk samskipti
- Viðhorfskannanir